



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur  
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

## 72. fundur

**Fundur haldinn í stjórn Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur, þriðjudaginn  
24. september 2024 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum  
33, Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Birgir Örn Ólafsson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Magnús Stefánsson, Guðlaug R. Guðjónsdóttir, Fjölur Freyr Guðmundsson og Arnar Steinn Elísson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Gunnar Schram (Lögreglan á Suðurnesjum), Davíð Viðarsson (Sveitarfélagið Vogar), Einar Snorrason (Reykjanesbær), Árni Gísli Árnasson (Suðurnesjabær) Guðni Oddgeirsson (Svæðisstjórn björgunarsveitanna), Hallgrímur Smári Þorvaldsson (HS orka) Eyþór Rúnar Þórarinsson (B.S.), Sigurður Skarphéðinsson (B.S) og Guðbergur Reynisson (RKÍ)

Hvorki fulltrúar frá HS Veitum né Isavia mættu á fundinn.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

#### 1. Íbúafundur í Vogum þann 26. September kl.20:00.

Dagskrá fundarins íbúafundar verður eftirfarandi:

- Bæjarstjóri Voga býður gesti velkomna, fer yfir hlutverk bæjarins og kynnir fundarstjóra sem verður Víðir Reynisson, sviðsstjóri Almannavarnasviðs Ríkislögreglustjóra.
- Fulltrúar eftirfarandi aðila munu síðan flytja erindi:
  - Veðurstofa Íslands fjallar um áframhaldandi jarðhræringar á Reykjanesi.
  - Umhverfisstofnun fer yfir gos og mengun tengda jarðhræringum.
  - HS veitur fer yfir stöðu á heitu vatni og rafmagni.
  - Náttúruhamfaratryggingar Íslands verður með kynningu.
  - Vegagerðin fer yfir þeirra viðbrögð við umferðarmannvirkjum og vetrarþjónustu.

Viðbragðsaðilar þ.e. lögreglan, slökkvilið, björgunarsveitir og almannavarnardeild RLS verða einnig á fundinum og sem svara spurningum ef þarf.

Fundarmenn almennt ánægðir með dagskrá fundar. Spurning var með erindi frá Verkís og innviðahópi en ekki talið þörf á því að þau væru með erindi á fundi þar sem fulltrúar frá Vegagerð og Veðurstofu munu koma inn á þeirra þátt á fundi ásamt fundarstjóra.

## 2. Almyrkvi á sólu þann. 12. ágúst 2026

Þann 12. ágúst 2026, eftir tæp 2 ár, verður almyrkvi á sólu. Hann verður einna best sjáanlegur í heiminum á vestasta hluta Íslands þ.e. Látrabjargi, Snæfellsnesi og Reykjanesi. Að sögn kunnugra mun stór hópur fólks, nokkur hundruð eða jafnvel nokkur þúsund manns, koma til Íslands nokkrum dögum áður. Aðilar í ferðapjónustu eru þegar farnir að skynja áhuga og fá fyrirspurnir utan úr heimi. Almyrkvinn mun sjást best frá Látrabjargi en veðurspár og skyggni geta haft mikil áhrif á hvar fólk mun staðsetja sig. Ef veðurspár líta illa út t.d. fyrir Látrabjarg og Snæfellsnes, en vel fyrir Reykjanes, er viðbúið að jafnvel þúsundir ferðamanna muni hópast á vestanvert Reykjanesið frá Reykjanesvita að Garðskagavita til að berja fyrirbærið augum. Slíkur fjöldi fólks kallar á mannfjöldastýringu, umferðastýringu, skyndihjálparvakt, salerni o.fl.

Almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur vill vekja athygli viðbragðsaðila, sveitarfélaga og annarra, sem að málinu koma, á að hefja undirbúning í tæka tíð og tryggja að nauðsynlegir innviðir og mannskapur verði tiltækur á þessum tíma. Best væri að stofna samstarfshóp allra aðila sem fyrst.

Á meðfylgjandi mynd sést áhrifasvæði almyrkvans betur;



Í umræðum kom fram að Suðurnesjabær er þegar farinn af stað með vinnu við uppbyggingar ferðamannastaða og hafa þegar farið af stað með vinnu tengt þessu. Þau hafa verið í samskiptum við Sævar Helga Bragason sem hefur verið með erindi tengt þessu. Einnig hafa verið boðaðir fundir um þetta mál.

### 3. Önnur mál

Formaður fór yfir stöðu verkefna sem eru í vinnslu sem eru eftirfarandi. Sameining almannavarnarnefndanna á Suðurnesjum, nýr vettvangsstjórnarbill almannavarna, nýr framkvæmdastjóri almannavarnarnefnda ásamt skjalamálum.

Framkvæmdastjóri og formaður koma til með að vinna áfram með þessi mál og verða þau rædd nánar á næstu fundum.

Fundi slitið kl. 12:43